

**Nd.**

## **196. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 46 15. júní 1926, um útsvör.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

2. töluliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Tekjur aðila, þær er hann hafði síðastliðið ár, og að því leyti sem útlenda gjaldþegna varðar (6. gr. B. 1—2) á tekjur þær, er þeir hafa haft á gjaldárinu, nema á þá verði lagt útsvar á næsta ári eftir almennum reglum. Þá skal athuga, í hverju tekjurnar voru fólgnar, hversu mikil fyrirhöfn, kostnaður og áhætta var samfara öflun þeirra.

2. gr.

Í stað orðsins „gjaldárinu“ í 9. gr. 1. tölul. h og 2., 3. og 4. tölul. komi: útsvarsárinu.

3. gr.

12. gr. 2. og 3. mgr. falli burt.

4. gr.

14. gr. 2. mgr. orðist þannig:

Skjóta má málum þessum til ríkisskattanefndar.

5. gr.

24. gr. útsvarslaganna orðist þannig:

Sá gjaldandi og sú sveitarstjórn, er ekki vill hlita úrskurði yfirskattanefndar, getur næstu 2 almanaksmánuði eftir dagsetningu úrskurðar hennar skotið honum til ríkisskattanefndar. Ríkisskattanefnd skal hafa lokið úrskurði eigi síðar en 2 mánuðum eftir að kæra kemur til nefndarinnar. Ríkisskattanefnd hefir sama rétt til þess að krefjast upplýsinga sem yfirskattanefnd, en nefndin breytir aðeins þeim útsvörum, sem úrskurður yfirskattanefndar hefir gengið um og síðan hefir verið áfrýjað til hennar.

Úrskurður ríkisskattanefndar er fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð.

6. gr.

Á eftir 2. tölul. 25. gr. komi: sbr. 6. gr. B. 1—2.

7. gr.

Í stað orðsins „atvinnumálaráðuneyti“ í 26. gr. komi: rikisskattanevnd.

8. gr.

28. gr. orðist þannig:

Hjón bera ábyrgð á útsvarsgreiðslu hvors annars, enda búi þau saman, þegar niðurjöfnun fer fram.

9. gr.

Á eftir 2. mgr. 29. gr. komi ný málsg., svo hljóðandi:

Með reglugerð, er ríkisstjórnin setur, má skylda kaupgreiðendur til að halda eftir hluta af kaupum fastra starfsmanna til greiðslu á útsvari þeirra til bæjar- eða sveitarsjóðs.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 10 9. jan. 1935.

11. gr.

Þá er lög þessi hafa öðlazi staðfestingu konungs, skal fella texta þeirra, svo og laga nr. 59 1931 og laga nr. 51 1933 inn í meginmál laga nr. 46 1926, um útsvör, og gefa þau út þannig breytt, en jafnframt sé VI. kafli þeirra felldur úr textanum.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.